

Fréttabréf janúar 2012



Kæru foreldrar/forráðamenn

Við óskum ykkur gleðilegs árs og þökkum ykkur samvinnu og samskipti liðins árs og hlökkum til áframhaldandi samstarfs á því nýja.

Að venju munum við fara fremur rólega af stað eftir hátíðarnar en um miðjan janúar ætti flest að vera komið í fastar skorður hjá okkur. **Íþróttir munu byrja þann 11. janúar.**

Við viljum vekja athygli á gjaldskrárhækkunum sem tóku gildi um áramót en allar nánari upplýsingar er að finna á [thingeyjarsveit.is](http://thingeyjarsveit.is) undir flípanum **stjórnsýsla-fjármál-gjaldskrár**.

**Viðburðadagar:**



**Þriðjudaginn 10. janúar**, höfum við **bláan dag**, þá koma allir í einhverju báu eða með eitthvað blátt á sér.

**Fimmtudaginn 19. janúar** verður sameiginlegt þorablót skólanna (tímasetning nánar auglýst síðar).

**Föstudaginn 27. janúar** höfum við **innidótadag**, þar sem allir mega koma með 1 leikfang með sér (bara að muna að merkja)

Með bestu kveju

Starfsfólk Krílabæjar